

Tillaga
Afgreiðsla

B 345/PRE
Forsætisnefnd

Nefndarálit um tillögu Norrænu ráðherranefndarinnar um fjárhagsáætlun 2024

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að að hún samþykki tillögu Norrænu ráðherranefndarinnar um fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar fyrir árið 2024, sem inniheldur samkomulag um fjárhagsáætlun milli Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar sem nemur samtals 20,5 milljónum danskra króna.
- að MR-SAM ályktar eftirfarandi:
- að umhverfis- og loftslagsmálasvið hefur í tengslum við samkomulag um fjárhagsáætlun ársins 2023 veitt 3.000.000 DKK til svonefnds „Norræns æskulýðssjóðs fyrir loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni“, en með honum getur ungt fólk sótt um styrki til að skipuleggja eða taka þátt í norrænu starfi sem hvetur ungt fólk á Norðurlöndum til að láta til sín taka í loftslagsmálum og málefnum líffræðilegrar fjölbreytni. Hægt er að nota féð til og með 2025 og því munu samstarfsráðherrarnir fylgjast með framgangi vinnunnar við sjóðinn á árinu 2024 og upplýsa Norðurlandaráð um hann. Verði allt féð nýtt á árinu 2023 getur ráðherranefndin um umhverfis- og loftslagsmál leitað eftir frekari styrk við sjóðinn á árinu 2024 af því fé sem veita skal til verkefna fyrir ungt fólk á sviði loftslags- og umhverfismála samkvæmt samkomulagi um fjárhagsáætlun 2024, sbr. ofangreint. Verði það fé jafnframt nýtt til fulls eru samstarfsráðherrarnir jákvæðir gagnvart því að finna leiðir til frekari fjármögnunar.
- að samið hefur verið um að samstarfsráðherrarnir ráðstafi 1.000.000 DKK til þess að efla tækifæri til norrænna menningarskipta utan norrænu landanna.
- að MR-S ráðstafar allt að 1.000.000 DKK til skýrslu um fátækt á meðal barna á Norðurlöndum til að fylgja eftir tilmælum Norðurlandaráðs 21/2022 um börn og ungt fólk sem elst upp við viðvarandi lágur tekjur.
- að samstarfsráðherrarnir hafa í tengslum við samkomulag um fjárhagsáætlun 2023 ráðstafað 500.000 DKK til eftirfylgni við skýrslu Jans-Eriks Enestam um að efla samstarf um almannavarnir á Norðurlöndum og jafnframt 250.000 DKK til að efla vinnu í tengslum við afnám stjórnsýsluhindrana á milli norrænu landanna.



Samstarfsráðherrarnir munu fylgjast með framgangi vinnunnar við samstarf um almannavarnir og afnám stjórnsýsluhindrana og upplýsa Norðurlandaráð um hann.

- að ákveðið hefur verið að samráð skuli vera milli Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar til að ná eftir því sem framast er unnt sameiginlegum skilningi um fjárhagsramma og grundvallaratriði fjárhagsáætlunar fyrir komandi fjárhagsár.
- að ákveðið hefur verið að halda áfram viðræðum við Norðurlandaráð um að koma hugsanlega á fót ráðherranefnd um samgöngumál.
- að ákveðið hefur verið að núverandi og næsta formennskuland Norrænu ráðherranefndarinnar fundi með núverandi og næsta formennskulandi Norðurlandaráðs í lok árs 2023 til að ræða gerð norrænna fjárhagsáætlana til framtíðar.

Greinargerð

Pólítískar samningaviðræður Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um fjárhagsáætlun ársins 2024 fóru fram vorið 2023 en þeim lyktaði með samkomulagi um eftirfarandi verkefni sem nema alls 20,5 milljónum DKK.

Stuðningur við norræn samtök borgaralegs samfélags og félagasamtök (10.500.000 DKK):

Borgaralegt samfélag er ein af grundvallarstoðunum í norrænum samfélögum og mörg samtök gegna mikilvægu hlutverki í norrænu samstarfi. Árið 2021 var því sett á laggirnar áætlun með það fyrir augum að efla borgaralegt samfélag í norrænu löndunum. Til að byrja með gildir áætlunin til og með 2024.

Þessi áætlun verður aðlöguð og aukinn kraftur settur í hana í því skyni að stuðla að frekari menningar- og þekkingarskiptum. Samstarfsráðherrarnir ráðstafa því 10.500.000 DKK til áætlunarinnar til viðbótar við það fé sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Á grundvelli þeirra viðræðna sem fram hafa farið á milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs getur áætlunin stutt við fjölbreyttan hóp viðtakenda.

Á árinu 2024 eru eftirfarandi fjárhæðir eyrnamerktaðar sem hér segir:

- 3.250.000 DKK til menningarlegs samstarfs á Norðurlöndum, þ.m.t. hljómsveitasamstarfs og samspils þvert á norræn landamæri, og fræðslu um norrænar bókmenntir.



- 3.250.000 DKK til fræðslu, þekkingarmiðlunar og tungumálaskilnings, þ.m.t.

til verkefna sem tengjast fræðslu um Norðurlönd og annarra verkefna sem tengjast Norðurlöndum innan menntastofnana (t.d. grunnskóla, menntaskóla, háskóla), stuðnings við skilning ungs fólks á öðrum norrænum tungumálum, átak til vitundarvakningar um norrænt sjónarhorn í blaðamennsku.

- 1.000.000 DKK til funda og samstarfsneta sem styrkja rödd borgaralegs samfélags og auka tækifæri samtaka til að hafa áhrif á samfélagið, þ.m.t.

til funda, ráðstefna og vinnustofa með norrænu þema og jafnframt fyrirgreiðslu og miðlun hugmynda og þekkingar á milli ólíkra borgaralegra samtaka á Norðurlöndum.

- Allt að 3.000.000 DKK til verkefna ungs fólks á sviði umhverfis- og loftslagsmála, sbr. kafla um „ungmennasjóð“ hér fyrir neðan. Verði þetta fé ekki nýtt í þessu skyni má nýta það til annarra ofangreindra verkefna.

Borgaraleg samtök á öllum samfélagssviðum geta sótt um styrki í tengslum við ofangreinda flokka, þ.m.t. frjáls félagasamtök, stofnanir, góðgerðarsamtök, borgarasamtök, hagsmunasamtök, vinnumarkaðssamtök, trúfélög, samvinnufélög eða óhagnaðardrifin samtök. Fulltrúar að minnsta kosti þriggja norrænna landa þurfa að standa að verkefninu.

Stuðningur við lykilaðila á sviði menningar og menntamála á Norðurlöndum (alls 8.000.000 DKK):

Nokkrir aðilar gegna mikilvægu hlutverki í norrænu samstarfi á sviði menningar- og menntamála. Með hliðsjón af starfsemi þessara aðila ráðstafa samstarfsráðherrarnir til þeirra 8.000.000 DKK til viðbótar við það fé sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024.

Féð skiptist sem hér segir:

- 1.000.000 DKK til Norræna hússins í Reykjavík (NOREY).
- 1.000.000 DKK til Norðurlandahússins í Færeyjum (NLH).
- 350.000 DKK til Norrænu stofnunarinnar á Álandseyjum (NIPÅ).
- 650.000 DKK til styrkjaáætlunarinnar til menningarmála sem Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA) hefur ráðstöfunarrétt yfir.



- 2.500.000 DKK til Norræna rannsóknarráðsins, NordForsk (m.a. til rannsókna á sýklalyfjaónæmi).
- 1.000.000 DKK til Norrænu menningargáttarinnar (m.a. til menningarverkefna fyrir börn og ungt fólk á Norðurlöndum).
- 1.500.000 DKK fyrir viðræður Norræna menningarsjóðsins við Norðurlandaráð um verkefni í fjárhagsáætlun ársins 2024.

Önnur svið:

Auk ofangreindra mála lýsa samstarfsráðherrarnir eftirfarandi yfir í framhaldi af samráði við Norðurlandaráð:

- að umhverfis- og loftslagsmálasvið hafi í tengslum við samkomulag um fjárhagsáætlun 2023 veitt 3.000.000 DKK til svonefnds „Norræns æskulýðssjóðs fyrir loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni“, en þar getur ungt fólk sótt um styrki til að skipuleggja eða taka þátt í norrænu starfi sem hvetur ungt fólk á Norðurlöndum til að láta til sín taka í loftslagsmálum og málefnum líffræðilegrar fjölbreytni. Hægt er að nota féð til og með 2025 og því munu samstarfsráðherrarnir fylgjast með framgangi vinnunnar við sjóðinn á árinu 2024 og upplýsa Norðurlandaráð um hann. Verði allt féð nýtt á árinu 2023 getur ráðherranefndin um umhverfis- og loftslagsmál leitað eftir frekari styrk við sjóðinn á árinu 2024 af því fé sem veita skal til verkefna fyrir ungt fólk á sviði loftslags- og umhverfismála samkvæmt samkomulagi um fjárhagsáætlun 2024, sbr. ofangreint. Verði það fé jafnframt nýtt til fulls eru samstarfsráðherrarnir jákvæðir gagnvart því að finna leiðir til frekari fjármögnunar.
- að samið hafi verið um að samstarfsráðherrarnir ráðstafi 1.000.000 DKK til þess að efla tækifæri til norrænna menningarskipta utan norrænu landanna.
- að MR-S ráðstafi allt að 1.000.000 DKK til skýrslu um fátækt á meðal barna á Norðurlöndum til að fylgja eftir tilmælum Norðurlandaráðs 21/2022 um börn og ungt fólk sem elst upp við viðvarandi lágar tekjur.

að samstarfsráðherrarnir hafi í tengslum við samkomulag um fjárhagsáætlun 2023 ráðstafað 500.000 DKK til eftirfylgni við skýrslu Jans-Eriks Enestam um að efla samstarf um almannavarnir á Norðurlöndum og jafnframt 250.000 DKK til að efla vinnu í tengslum við afnám stjórnsýsluhindrana á milli norrænu landanna.

Samstarfsráðherrarnir munu fylgjast með framgangi vinnunnar við samstarf um almannavarnir og afnám stjórnsýsluhindrana og upplýsa Norðurlandaráð um hann.

- að samið hafi verið um að viðræður fari fram milli Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar til að skapa, eftir því sem kostur er, sameiginlegan skilning á því



hvernig fjárhagsramma skuli háttað á komandi tímabili og hvaða meginreglur skuli ráða við gerð fjárhagsáætlunar.

- að samið hafi verið um að halda áfram viðræðum við Norðurlandaráð um hvort koma megi á fót ráðherra nefnd samgöngumála.
- að samið hafi verið um að fulltrúar núverandi og næsta formennskuríkis Norrænu ráðherra nefndarinnar fundi með núverandi og næsta formanni og varaformanni Norðurlandaráðs í lok árs 2023 til að ræða gerð norrænna fjárhagsáætlana í framtíðinni.

Ferlið

Í 64. gr. Helsingforssamningsins kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Ráðherra nefnd Norðurlanda ber að leggja fyrir Norðurlandaráð til umsagnar tillögu sína að fjárhagsáætlun.

Norðurlandaráð getur lagt til breytta forgangs röðun innan þeirra fjárhagsmarka sem ráðherra nefndin hefur sett.

Sé ekki hægt að tilgreina sérstakar ástæður ber ráðherra nefndinni að fara að tillögum ráðsins þegar um er að ræða fjárveitingar innan gefinna fjárhagsmarka.“

Sumarið 2022 gáfu nefndir og flokkahópar Norðurlandaráðs tillögur sínar fyrir fjárhagsáætlun Norrænu ráðherra nefndarinnar fyrir árið 2024. Forsætisnefnd tók þessar tillögur til umfjöllunar og samþykkti tillögu um samantekna tillögu frá Norðurlandaráði á fundi forsætisnefndar í tengslum við ársþing Norðurlandaráðs 2022. Á fundi samstarfsráðherra í tengslum við ársþing Norðurlandaráðs 2022 upplýsti forseti Norðurlandaráðs um áætlun um tillögur Norðurlandaráðs.

Á undirbúningsfundi sem var haldinn í Osló 1. desember 2022 hittu fulltrúar þáverandi og núverandi formennskuríkja Norrænu ráðherra nefndarinnar þáverandi og núverandi forseta og varaforseta Norðurlandaráðs til að fjalla um væntanlegar samningaviðræður um fjárhagsáætlun ráðherra nefndarinnar fyrir árið 2024.

Um miðbik janúarmánaðar 2023 sendu forseti og varaforseti Norðurlandaráðs Guðmundi Inga Guðbrandssyni, formanni samstarfsráðherranna, áherslur Norðurlandaráðs varðandi fjárhagsáætlun ársins 2024. Guðmundur Ingi kom síðan á fund forsætisnefndar í Stokkhólmi 24. janúar og átti viðræður við þingmenn um tillögur Norðurlandaráðs.



Jorodd Asphjell, forseti Norðurlandaráðs, kom á fund samstarfsráðherranna í Kaupmannahöfn 31. janúar 2023 til að kynna tillögur ráðsins og gera nánari grein fyrir þeim.

Fyrsti eiginlegi samningafundur forseta og varaforseta Norðurlandaráðs og formanns samstarfsráðherranna um fjárhagsáætlunina var haldinn í Kaupmannahöfn 6. febrúar 2023.

Annar viðræðufundur um fjárhagsáætlunina var haldinn 2. mars. Þá náðist samkomulag um fjárhagsáætlun sem nemur 20,5 milljónum DKK.

Forsætisnefndin samþykkti samkomulagið 14. mars og 26. apríl var það samþykkt af MR-SAM.

Í júní 2023 var tillaga framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar að fjárhagsáætlun ársins 2024 tilbúin og felld inn í samkomulagið. Forsætisnefnd var upplýst um tillöguna á fundi forsætisnefndar í júní.

Í september sat framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar fund forsætisnefndar og kynnti fjárhagsáætlunina. Í september samþykkti MR-SAM tillögu ráðherranefndarinnar að fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2024. Samþykkja verður nefndarálit um þessa tillögu ráðherranefndarinnar skriflega til að setja megi tillöguna á dagskrá á ársþingi Norðurlandaráðs 2023.

Á ársþingi Norðurlandaráðs 2023 verða tilmæli Norðurlandaráðs um fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar fyrir árið 2024 tekin til umfjöllunar og atkvæðagreiðslu.

MR-SAM hefur einnig fundað í tengslum við ársþing Norðurlandaráðs 2023 og samþykkir endanlegu tillöguna að fjárhagsáætlun.

Sjónarmið forsætisnefndar

Forsætisnefnd tekur fram að Norðurlandaráð hefur fengið margar óskir um áherslur í fjárhagsáætlun 2024 með í samkomulaginu um fjárhagsáætlunina. Þar sem viðræður hafa átt sér stað, og tveir aðilar þurfa að ná samkomulagi, hefur Norðurlandaráð þó ekki fengið allar óskir sínar með í samkomulaginu. Mestar deilur hafa staðið um forsendur viðræðnanna og grundvallarregluna um fastan fjárhagsramma til fjögurra ára á árunum 2021–2024 með tiltölulega miklum niðurskurði á sviði menningar- og menntamála.

Samkomulagið um fjárhagsáætlun inniheldur 20,5 milljónir DKK en þar af fer meirihlutinn í að efla norræna menningu, menntun og rannsóknir, en einnig er veitt veruleg fjármagni í önnur verkefni.



Forsætisnefnd leggur mikla áherslu á að í samkomulaginu fyrir fjárhagsáætlun ársins 2024 felist einnig að Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin vinni að því, eins og unnt er, að komast að sameiginlegum skilningi um fjárhagsáætlanir og grundvallaratriði þeirra fyrir komandi tímabil. Auk þess hefur verið komist að samkomulagi um að halda áfram umræðum um ráðherranefnd um samgöngumál og núverandi og komandi formennskur hittist til að ræða samstarf um fjárhagsáætlanir til framtíðar.

Forsætisnefnd tekur undir sjónarmið um hvatninguna til Norrænu ráðherranefndarinnar um að endurskoða niðurskurð á sviði menntamála, rannsókna og menningarmála, auk áherslu á þá sjóði, sem ráðstafað er í samkomulaginu um fjárhagsáætlun milli Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar til menningarmála, menntamála og rannsókna.

Forsætisnefnd telur að Norðurlandaráð hafi nú um margra ára skeið beint fyrirspurnum til Norrænu ráðherranefndarinnar með tímabærri ósk um að koma aftur á fót Ráðherranefnd um samgöngumál, í tilmælum Norðurlandaráðs, tillögum fyrir framkvæmdaáætlunina, og tillögum að breyttum áherslum í fjárhagsáætlun. Endurvakin Ráðherranefnd um samgöngumál fellur vel að Framtíðarsýninni til ársins 2030, bæði með tilliti til aðlögunarmála og grænna umskipta, auk tillits til almannaþarfa, stefnu í öryggismálum o.fl. Forsætisnefnd leggur áherslu á að ráðið óskar enn eftir að Ráðherranefnd um samgöngumál/innviðamál verði komið á fót.

Forsætisnefnd telur að viðræður um fjárhagsáætlun í tengslum við fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2022, 2023 og 2024 hafi verið skref í rétta átt til að efla samstarfið en vill benda á að áfram er þörf á nánara samstarfi milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs – pólitískt og stjórnsýslulega – í fjárhagsáætlunarferlinu í framtíðinni. Forsætisnefnd væntir þess því að núverandi og næsta formennska Norrænu ráðherranefndarinnar fundi með Norðurlandaráði í desember 2023 til að hefja umræður um gerð norrænna fjárhagsáætlana í framtíðinni.

Forsætisnefndin skilur að Norrænu ráðherranefndinni ber skylda til að fylgja tilmælum Ríkisendurskoðun Danmerkur um beina fjármögnun stofnana utan umdæmis ráðherranefndarinnar. Í stað þess að veita beina fjármögnun hafa verið settir upp sérstakir sjóðir innan sviða menningarsamstarfs á Norðurlöndum, fræðslu, þekkingarmiðlunar og tungumálaskilnings. Það hefur þó í för með sér að stofnanir á borð við Norðurlönd í skólanum og Orkester Norden finna fyrir óöryggi varðandi þessar breytingar. Forsætisnefndin óskar því eftir því að þessum stofnunum verði tryggð fjármögnun, t.a.m. með fjárveitingum til margra ára.



Loks vill forsætisnefnd lýsa yfir ánægju með það samkomulag sem náðst hefur um fjárhagsáætlun og hlakkar til að vinna ásamt Norrænu ráðherranefndinni að væntanlegum fjárhagsramma til nokkurra ára, sem mikilvægt er að ná samstöðu um.

Norðurlöndum, 13. október 2023

Heléne Björklund (S)
Maria Stockhaus (M)
Bryndís Haraldsdóttir (Sj)
Oddný G. Harðardóttir (Sf)
Kim Berg (sd)
Jorodd Asphjell (A)

Juho Eerola (sanf)
Helge Orten (H)
Heidi Greni (Sp)
Hanna Katrín Friðriksson (Vr)
Annette Lind (S)
Jouni Ovaska (cent)